

Borgarbyggð
Ásgerður Hafdís Hafsteinsdóttir
Digranesgötu 2
310 Borgarnes

Reykjavík, 23. maí 2024
UST202404-251/A.B.
10.04.03

Efni: Breyting - Deiliskipulag - Kiðárvirkjun og flugvöllur í Húsafelli III - Borgarbyggð

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa í Borgarbyggð er barst 19. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á deiliskipulagi fyrir Kiðárvirkjun og flugvöllur í Húsafelli III í Borgarbyggð.

Í greinargerð kemur fram með breytingunni er heimiluð stækkun á stöðvarhúsi sem er nú í dag 46 m² þar sem hámarks byggingarmagn 150 m². Auk þess segir að innan byggingarreits verður heimilt að byggja allt að fjögur flugskýli og er heildar byggingarmagn 1200 m². Flugskýlin skulu vera með mænisþaki og er mænishæð að hámarki 6,5 m og vegghæð að hámarki 4 m.

Vatn

Umhverfisstofnun telur óljóst hvort að áætlunin og framkvæmdir (m.a. stækkun á stöðvarhúsi) munu hafa áhrif á vatn, en ef tillagan hefur áhrif á vatn þarf áætlunin að vera í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og vatnaáætlun 2022-2027¹ í greinargerð. Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn, strandsjó, lón og jökla). Fram kemur í 28. gr. laganna þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun og lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar. Sveitarfélagið þarf að fjalla um og meta áhrif skipulagsins á vatnshlot þar sem það á við (þar sem fyrirséð er álag á vatn). Einnig bendir Umhverfisstofnun á að mikilvægt er að framkvæmdaraðilar séu upplýstir um að ítarlegra áhrifamat þarf að liggja fyrir áður en leyfi fyrir framkvæmdir og/eða starfsemi er veitt. Þau framkvæmdaleyfi sem sveitarfélagið gefur út þurfa að vera í samræmi við stefnumörkun vatnaáætlunar og lög um stjórn vatnamála.

Jafnframt kemur fram að við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og um leyfi á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki skal

leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.

Náttúruminjaskrá - Ásýnd

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni að skipulagssvæðið er innan svæðis sem er á náttúruminjaskrá sem aðrar náttúruminjar og nefnist það Húsafell og er verndað m.a. vegna landslags.

Umhverfisstofnun bendir á að nýjar byggingar hafa ávallt áhrif á landslag og því mikilvægt að fella allar byggingar að landi og jafnvel setja skilyrði um liti.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri